

REGLUGERÐ

um meðferð, vinnslu og sölu skelfisks.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

A. Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til meðferðar, vinnslu og sölu á skelfiski, sem ætlaður er til beinnar neyslu eða frekari vinnslu.

Reglugerðin gildir einnig um skrápdyr og möttuldýr.

B. Almennar takmarkanir.

2. gr.

Reglugerðin tekur ekki til dreifingar skelfisks til smásölu innanlands.

Reglugerðin tekur ekki til eftirlits með vatnsbólum og vatnsveitum sem er á hendi heilbrigðisnefnda undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.

Reglugerðin tekur ekki til skelfisks þar sem vöðvinn einn er nýttur.

C. Skilgreiningar.

3. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Skelfiskur*: Allar tegundir lindýra (*Mollusca*), lifandi, ferskar eða frosnar, af flokkuninni *Lamellibranchiata* og *Gastropoda*.
2. *Veidisvæði*: Afmarkað svæði í sjó, ármynni eða lóni þar sem hægt er að rækta eða veiða skelfisk í náttúrulegu umhverfi sínu.
3. *Viðurkennt veidisvæði*: Svæði sem Fiskistofa hefur lýst hæft til að ala skelfisk eða veiða til sölu beint á markað.
4. *Veidar*: Tekja skelfisks, hvernig sem hans er aflað, af svæðum þar sem hann vex í náttúrulegu umhverfi sínu eða er ræktaður.
5. *Leyfisnúmer*: Sérstakt merki sem Fiskistofa úthlutar hverjum skelfiskframleiðanda til staðfestingar á því að veidar, eldi, meðferð, vinnsla og dreifing afurða uppfylli opinberar kröfur, sem gerðar eru til þeirrar starfsemi. Leyfisnúmerið skal setja á allar umbúðir og fylgiskjöl afurða sem framleiðandinn sendir frá sér á markað.
6. *Vinnsluleyfishafi*: Aðili, sem fengið hefur tölusett leyfi frá Fiskistofu til meðferðar, vinnslu, pökkunar eða geymslu skelfisks, til staðfestingar á því að fullnægt sé settum skilyrðum laga og reglugerða.
7. *Opinber eftirlitsstofnun*: Fiskistofa eða önnur opinber stofnun sem lögum samkvæmt annast flokkun og eftirlit með eldis- og veidisvæðum skelfisks, eftirlit með skeltekju og veitir framleiðendum vinnsluleyfi.

8. *Vinnslustöð*: Bygging, hluti byggingar eða aðstaða, þ.m.t. athafnasvæði, sem er viðurkennt af Fiskistofu til móttöku, meðferðar, þvottar, hreinsunar, flokkunar og þökkunar á skelfiski til neyslu. Til vinnslustöðva teljast einnig vinnsluskip, þökkunarstöðvar og geymslur.
9. *Merkisþjald*: Þjald eða merkimiði sem á eru skráðar upplýsingar um veiðisvæði o. fl. og festur er við ílát eða umbúðir um skelfisk.
10. *Hreinsibúnaður*: Viðurkenndur búnaður með einum eða fleiri tönkum, þangað sem leitt er hreint saltvatn eða sjór og þar sem skelfiskinum er haldið í nægilega langan tíma til þess að hann hreinsi sig af örverum og verði neysluhæfur.
11. *Umlagning*: Flutningur skelfisks undir eftirliti opinbers aðila af menguðu svæði á viðurkennt, ómengað svæði þar sem hann er látinn vera nægilega lengi til þess að hann hreinsi sig af örverum og mengunarefnum. Til umlagningar telst ekki flutningur á skelfiski í því skyni að hann nái frekari vexti.
12. *Umlagningarsvæði*: Sjór, ármynni eða lón sem samþykkt eru af Fiskistofu og greinilega afmörkuð með baujum, staurum eða öðrum föstum merkjum og eingöngu notuð til að hreinsa lifandi skelfisk á náttúrulegan hátt.
13. *Þörungaeitur*: Lífræn eiturefni sem skelfiskur safnar í sig þegar hann nærast á þörungum sem innihalda slíkt.
14. *Hreinn sjór*: Sjór eða sjóblandað vatn sem ekki er mengað eitruðum örverugróðri eða hættulegum efnum að því marki að það geti spillt hollustu skelfisks.
15. *Þökkun*: Sú aðgerð að vernda skelfisk með umbúðum eða á annan viðeigandi hátt.
16. *Lota*: Tilgreint magn skelfisks sem framleiddur er við nokkurn veginn sömu aðstæður.
17. *Flutningataeki*: Þeir hlutar vélknúinna ökutækja, jámbrautarvagna og loftfara sem ætlaðir eru fyrir vörur, lestir skipa svo og gámar til vöruflutninga á landi, á sjó eða í lofti.
18. *Innflutningur*: Flutningur skelfisks inn á íslenskt yfirráðasvæði.

II. KAFLI

Skilyrði fyrir framleiðslu og dreifingu skelfisks.

A. Almennar kröfur.

4. gr.

Vinnslustöðvar sem taka við skelfiski til vinnslu eða annarrar meðferðar svo sem þvottar, hreinsunar, flokkunar, þökkunar eða sölu skulu hafa gild vinnsluleyfi sem Fiskistofa gefur út.

5. gr.

Leyfi til vinnslu skelfisks er háð því að uppfyllt séu almenn skilyrði laga ásamt efirfarandi skilyrðum:

1. Vinnsluleyfihafi skal aðeins taka á móti skelfiski til vinnslu af veiðisvæðum eða eldissvæðum sem um getur í 9. og 10. gr.
2. Að skelfiskur hafi verið veiddur og fluttur til vinnslu í samræmi við ákvæði 12. og 13. gr.
3. Ef með þarf, skal skelfiskur umlagður á samþykktu svæði og fluttur til vinnslustöðvar í samræmi við ákvæði 11. gr.
4. Ef með þarf, skal skelfiskur hreinsaður í viðurkenndri aðstöðu í samræmi við ákvæði 16. gr.
5. Að þær upplýsingar sem krafist er að settar séu á ílát, umbúðir eða vigtarnótur með innlögðum aflu séu í samræmi við ákvæði 13. gr.

6. Skelfiskur skal standast kröfur þær sem um getur í viðauka 1 og 4.
7. Þökkun skelfisks og merkingar skulu vera í samræmi við ákvæði 17. og 20. gr.
8. Geymsla skelfisks og flutningur skal vera í samræmi við ákvæði 18. og 19. gr.
Skelfiskur sem ætlaður er til frekari vinnslu skal uppfylla þær kröfur, sem fram koma í 1. mgr. þessarar greinar og vera unninn eftir því sem við getur átt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 684/1995.

B. Sérkröfur.

6. gr.

Vinnslustöðvarnar skulu eingöngu taka á móti lifandi skelfiski ef merkisþjöld fylgja honum sem sýna að hann komi frá viðurkenndu veiðisvæði, umlagningarsvæði eða vinnslustöð.

Vinnslustöðvar skulu færa dagbók þar sem fram koma skráningar vegna innra eftirlits, svo sem niðurstöður örverufræðilegra prófana á lifandi skelfiski frá viðurkenndu veiði- eða umlagningarsvæði, innvegið magn skelfisks ásamt upplýsingum um veiðidag, veiðisvæði, veiðiskip, flutningsaðila frá veiðiskipi, meðferð og ráðstöfun aflans. Vinnslustöðvar skulu halda til haga merkisþjöldum veiðiskipa, sbr. 13. gr.

Vinnslustöðvum er skylt að hlíta fyrirmælum Fiskistofu um að halda aðgreindum skelfiski sem kemur frá veiðisvæðum sem eru undir sérstöku eftirliti, sbr. 10. gr. og ráðstafa honum ekki fyrir en Fiskistofa samþykkir á grundvelli niðurstöðu prófana á sjó- og skelfisk-sýnum.

Þessar upplýsingar skal skrá í tímaröð og geyma í a.m.k. tvö ár.

7. gr.

Vinnslustöðvar skulu hafa yfir að ráða eigin rannsóknastofu eða tryggja sér aðstoð rannsóknastofu sem Fiskistofa samþykkir til þess m.a. að ganga úr skugga um að skelfiskurinn uppfylli örverufræðilegar viðmiðanir í viðauka 1 og 4. Þessar kröfur gilda þó ekki um vinnslustöðvar sem hafa fengið skelfiskinn eingöngu og beint frá annarri vinnslustöð þar sem hann hefur verið rannsakaður eftir hreinsun.

8. gr.

Vinnslustöðvar skulu samkvæmt leiðbeiningum frá Fiskistofu taka sýni af dagsframleiðslunni og varðveita í 12 mánuði. Sýni af skelfiski sem seldur er lifandi skal geyma frosið í einn mánuð.

Skelfisksýni til prófunar vegna þörungaeiturs skulu tekin og send Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða annarri viðurkenndri rannsóknastofu samkvæmt nánari fyrirmælum frá Fiskistofu. Niðurstöður þeirra greininga skulu skráðar í dagbók vinnslustöðvarinnar, sbr. 3. og 4. tl. 21. gr.

III. KAFLI

Veiðisvæði og veiðar.

9. gr.

Umsókn um leyfi til skelveiða á svæði sem ekki hefur verið kannað með tilliti til heilnæmis skal senda sjávarútvegsráðuneytinu. Ráðuneytið tekur ákvörðun um það hvort heilnæmiskönnun fari fram.

Veiðisvæði skulu ekki viðurkennd til skelveiða nema að undangenginni heilnæmiskönnun sem staðfestir að þau uppfylli kröfur í 25. gr. og viðauka 1. Þó má veita leyfi til skelveiða á veiðisvæðum sem ekki hafa verið könnuð, enda séu þau utan þriggja sjómílna frá fjöruborði meginlands eða byggðra eyja.

10. gr.

Fiskistofa metur ástand veiðisvæðis og tilkynnir umsækjendum um veiðileyfi og vinnsluleyfishöfum hvort svæði séu opin eða lokað fyrir skelfiskveiðum. Leiði niðurstöður könnunar til þess að ekki skuli leyfa skelfiskveiðar á ákveðnum stöðum á tilteknu veiðisvæði, skulu þeir staðir tilgreindir í veiðileyfum.

Sýni prófanir á sjósýnum vaxandi innihald eitraðra þörungna á veiðisvæði getur Fiskistofa ákveðið daglegar sýnatökur og prófanir á sýnum af skelfiski og sjó og að skelfiskurinn verði ekki nýttur fyrr en hann er laus við þörungaeitur.

IV. KAFLI

Umlagning.

11. gr.

Verði mengunar vart á veiðisvæði eða í skelfiski er heimilt að flytja hann á annað svæði, sem Fiskistofa tilgreinir, til þess að losa hann við mengunina.

Umlagnig skelfisks skal fara fram í samræmi við ákvæði viðauka 2.

V. KAFLI

Vinnslustöðvar.**A. Löndun og meðferð afla.**

12. gr.

Aðferðir sem notaðar eru við veiðar eða flutning í land og á landi mega hvorki valda ónaðsýnlegum skaða á skel eða fisknum í henni né umtalsverðri gæðarýrnun eða breytingum sem torvelða hreinsun, vinnslu eða umlagningu.

Skelfisk má aðeins geyma í hreinum sjó um borð í veiðiskipi.

Ílát eða búnaður til flutnings á skelfiski skal veita vörn gegn því að skelin spillist eða brotni, vera með viðeigandi afrennsli og þannig gerð að þrif séu auðveld.

13. gr.

Merkispjald eða merkimiði skal vera á öllum umbúðum sem skelfiski er landað í með eftirtöldum upplýsingum:

1. Veiðidagur.
2. Nafn eða númer veiðisvæðis.
3. Magn og tegund skelfisks.
4. Löndunardagur.
5. Leyfisnúmer veiðiskips.

Sé afla landað lausum skal skrá þessar upplýsingar á vigtarnótu.

B. Almennar kröfur varðandi byggingar og búnað.

14. gr.

Á athafnasvæðum þar sem skelfiskur er meðhöndlaður eða geymdur skal lágmarksaðstaða vera eftirfarandi:

1. Byggingar eða aðstaða skal hönnuð og henni viðhaldið þannig að úrgangur, reykur, óhreinindi, nagdýr eða önnur dýr nái ekki að menga skelfiskinn.

2. Gólfum skal halda hreinum og þau vera þannig lögð að auðveldi frárennsli.
3. Vinnusvæði skulu vera nægilega stór til þess að starfsemin geti farið fram á viðunandi hátt.
4. Veggir skulu vera endingargóðir og auðveldir til þrifa.
5. Lýsing skal vera næg.

Að öðru leyti gilda, eftir því sem við á, kröfur varðandi byggingar og búnað í I. kafla, viðauka 4, í reglugerð nr. 684/1995.

C. Hreinlætis- og hollustuhættir.

15. gr.

Fyllstu kröfur um hreinlæti og þrífnað eru gerðar til starfsfólks og varðandi athafnasvæði, búnað og starfsaðstöðu.

Lifandi skelfisk skal þvo eða hreinsa undir þrýstingi með hreinum sjó eða neysluvatni.

Gæta skal vel að gerla- og efnafræðilegum eiginleikum sjávar og vatns sem notað er við vinnslu skelfisks.

Forsvarsmáður vinnslustöðvar skal gera fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að fólk sem haldið er smitandi sjúkdómi meðhöndli skelfisk.

Um hreinlæti og hollustuhætti við vinnslu skelfisks gildir eftir því sem við á II. kafla, viðauka 4, í reglugerð nr. 684/1995.

VI. KAFLI

Hreinsibúnaður og hreinsun.

16. gr.

Verði mengunar vart á veiðisvæði eða í skelfiski er heimilt að flytja hann í hreinsistöð sem Fiskistofa viðurkennir til þess að losa hann við mengunina.

Hreinsun skelfisksins skal fara fram í samræmi við ákvæði í viðauka 3.

VII. KAFLI

Pökkun og umbúðir.

17. gr.

Fyllsta hreinlætis skal gætt við pökkun skelfisks. Umbúðir mega ekki hafa áhrif á bragð, útlit eða lyktareinkenni hans. Þær skulu vera nógu sterkar til að veita skelfiskinum fullnægjandi vernd.

Ostrum skal pakka með kúptu hliðina niður.

Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar nr. 684/1995.

VIII. KAFLI

Geymsla.

18. gr.

Lifandi skelfisk skal geyma og flytja við bestu lífsskilyrði.

Í geymslu skal skelfiskinum haldið við hitastig, sem ekki rýrir gæði eða lífsmöguleika hans. Umbúðir mega ekki vera í beinni snertingu við geymslugólf og þess skal gætt að þær blotni ekki.

Skelfisk má ekki úða með sjó eða vatni eftir að honum hefur verið pakkað.

IX. KAFLI
Flutningur frá vinnslustöð.

19. gr.

Skelfisk skal flytja í lokuðum flutningatækjum. Frágangur innra byrðis skal vera þannig að það spilli ekki gæðum farmsins. Klæðning skal vera slétt og auðvelt að þrifa hana og gerileyða.

Flutningatæki skulu þannig útbúin að unnt sé að halda í þeim hæfilegu hitastigi fyrir skelfiskinn, enda sé það tilgreint á umbúðum og í farmbréfi.

Umbúðum með lifandi skelfiski má ekki stafla beint á gólf flutningatækis.

X. KAFLI
Merkingar.

20. gr.

Allar umbúðir til sendingar á skelfiski skulu vera með merkingum þar sem fram koma eftirfarandi atriði:

1. Að skelfiskurinn sé sendur frá Íslandi.
2. Tegund skelfisks, bæði almenna nafnið í markaðslandinu og latneska heitið.
3. Leyfisnúmer vinnslustöðvar og lotumerki framleiðslunnar svo unnt sé að rekja uppruna hennar til framleiðanda eða þess sem pakkaði skelfiskinum.
4. Dagsetning þökkunar.
5. Í stað dagsetningar um geymsluþol á fullpakkaðri vöru má koma yfirlýsingin: „Þessi skelfiskur skal vera lifandi við sölu“.

Allar merkingar skulu vera varanlegar og vatnsþolnar og upplýsingar sem fram koma skulu vera augljósar og óafmáanlegar.

Skelfiskurinn skal að öðru leyti merktur í samræmi við kröfur sem gerðar eru í viðkomandi markaðslandi.

XI. KAFLI
Innra eftirlit.

21. gr.

Fyrirsvarsmenn vinnsluleyfishafa skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að kröfur reglugerðar þessarar séu uppfylltar á öllum stigum veiða, ræktunar, meðferðar, framleiðslu og dreifingar skelfisks. Í þessu skyni eru þeir ábyrgir fyrir því að komið sé á fót innra eftirliti sem miðast við umfang og eðli starfseminnar og byggist á eftirfarandi meginreglum:

1. Að greina áhættuþætti í vinnslustöðinni miðað við öflun skelfisksins og framleiðsluferli það sem notað er.
2. Að skipuleggja og koma á fót eftirliti til að fylgjast með og hafa eftirlit með slíkum áhættuþáttum.
3. Að taka sýni til greiningar á rannsóknastofu, sem Fiskistofa samþykkir, til að kanna hvort skelfiskurinn, aðferðir við umlagningu eða hreinsun, þrif og gerileyðingu séu fullnægjandi og að unnið sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.
4. Að geyma skriflegar skýrslur eða gögn sem skráð eru með varanlegum hætti varðandi framangreind atriði. Skráningarnar skal geyma í a.m.k. tvö ár og vera aðgengilegar eftirlitsmönnum Fiskistofu þegar þeir óska þess.

22. gr.

Til þess að uppfylla kröfur um innra eftirlit vegna örveru- og efnamengunar, náttúrulegra eitrefna og skyldra áhættuþátta skulu vinnsluleyfishafar greina frá því í innra eftirliti sínu hvernig þeir fylgjast með uppruna skelfisksins og tryggja að ákvæði 6. gr. þessarar reglugerðar séu uppfyllt.

23. gr.

Til þess að uppfylla ákvæði 6. gr. skulu vinnsluleyfishafar aðeins taka við skelfiski af veiðiskipi sem hefur vinnsluleyfi og veiðileyfi til skelveiða eða frá vinnslu sem hefur vinnsluleyfi.

Öll ílát eða umbúðir sem skelfiskafla er landað í skulu merkt í samræmi við ákvæði 13. gr.

Vinnsluleyfishafar skulu halda skrár yfir allan landaðan afla með þeim upplýsingum sem getið er í 1.-5. tl. 13. gr.

XII. KAFLI

Opinbert eftirlit og verkaskipting.**A. Opinbert eftirlit.**

24. gr.

Fiskistofa heldur skrá um vinnslustöðvar, sem hafa verið viðurkenndar og úthlutar þeim vinnsluleyfisnúmeri og tilkynnir hlutaðeigandi eftirlitsstofnunum í markaðslöndunum, sem þess óska, um vinnslustöðvar á skrá.

Fiskistofa annast reglulega skoðanir og eftirlit með vinnslustöðvum og hefur aðgang að öllum hlutum þeirra þar sem skelfiskur er unninn eða geymdur. Fyrirsvarsmönnum vinnslustöðva er skylt að veita Fiskistofu allar þær upplýsingar og aðstoð sem nauðsynleg er við eftirlit og skoðun, þ.m.t. skráningar.

Fiskistofa ber ábyrgð á eftirliti með veiðisvæðum í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar.

Fiskistofa gefur út viðmiðunarreglur er hafa að geyma nánari ákvæði varðandi meðferð, búnað og hreinlæti við veiðar og vinnslu skelfisks.

25. gr.

Fiskistofa skal setja sér starfsreglur til að fylgjast með að ákvæði reglugerðar þessarar séu uppfyllt. Reglurnar skulu m.a. taka til eftirfarandi atriða:

1. Örverufræðilegra gæða skelfisks af veiðisvæðum.
2. Hvort eitradir þörungur finnist á veiðisvæði eða þörungaeitur í skelfiski sé yfir leyfilegu hámarki.
3. Eftirlits með því hvort mengandi efni finnist yfir leyfilegu hámarki.

Fiskistofa gefur út sýnatökureglur til að hafa fullnægjandi eftirlit með þeim atriðum sem getið er í 1. - 3. tölulíð.

26. gr.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að taka sýni án endurgjalds til rannsóknar á samþykkttri rannsóknastofu, enda verði niðurstöður þeirra tilkynntar fyrirsvarsmönnum vinnslustöðva.

B. Verkaskipting stofnana.

27. gr.

Fiskistofa hefur með höndum framkvæmd reglugerðar þessarar og hefur opinbert eftirlit með því að farið sé að ákvæðum hennar. Slíkt eftirlit og umsjón felur einkum í sér eftirfarandi þætti:

1. Yfirumsjón með heilnæmiskönnun á skelfiskveiðisvæðum og mat á stöðu þeirra. Við það mat skal hafa hliðsjón af kröfum, sem gerðar eru í þessu efni í samningum við stjórnvöld í landi því sem skelfiskurinn er fluttur til. Fiskistofa kannar strandlengju við veiðisvæði með aðstoð sérfræðinga og annarra opinberra stofnana og ákveður hvar og hvenær sjósýni skuli tekin og hverjum falin þessi sýnataka.
2. Fiskistofa heldur skýrslur um heilnæmiskannanir og flokkun veiðisvæða og miðlar upplýsingum þar að lútandi til ráðuneytis, vinnsluleyfshafa og veiðileyfishafa.
3. Útgáfu vinnsluleyfa eftir að gengið hefur verið úr skugga um að uppfyllt séu sett skilyrði laga og reglugerða.
4. Eftirlit með veiðum og aðstæðum við löndun, flutning, geymslu og vinnslu.
5. Skýrslugerð og miðlun upplýsinga til ráðuneytis, innlendra og erlendra eftirlitsstofnana og annarra aðila sem hlut eiga að máli.
6. Varsla gagnasafns vegna skelfiskeftirlits. Þær opinberu stofnanir sem taka þátt í heilnæmiskönnun eða verkefnum varðandi veiði- eða gæðaeftirlit skulu láta Fiskistofu í té eintak af öllum niðurstöðum og skjölum þar að lútandi. Fiskistofa heldur til haga upplýsingum um flokkun og merkingu veiðisvæða, breytingum á flokkun þeirra og ákvæðum sem auka kröfur til heilnæmis veiðisvæða.

28. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða önnur viðurkennd rannsóknastofa annast framkvæmd efna- og gerlaprófana ásamt prófunum á þörungaeitri, mat á niðurstöðum og skýrslugjöf þar að lútandi til Fiskistofu. Einnig skal stofnunin taka þátt í verkefnum um gæðaeftirlit í samræmi við samkomulag við erlendar eftirlitsstofnanir.

29. gr.

Hafrannsóknastofnunin annast þörungagreiningar og þörungatalningar, mat á niðurstöðum, skýrslugjöf þar að lútandi til Fiskistofu og ráðgjöf um val á skelfiskveiðisvæðum.

XIII. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

30. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur bannað hagnýtingu skelfisks af viðurkenndu veiðisvæði, sé talin hættu á því að skaðleg mengun berist inn á það.

Sjávarútvegsráðuneytið getur lýst yfir veiðibanni á veiðisvæði eða hluta veiðisvæðis ef fjöldi eitraðra þörungna í sjósýnum eða innihald þörungaeiturs í skelfisknum nálgast alþjóðlega ákveðin viðmiðunarmörk, sbr. viðauka 1.

Fiskistofu er heimilt að stöðva vinnslu og dreifingu skelfisks sem ekki er merktur í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

31. gr.

Fullnægi vinnsluleyfshafi ekki kröfum laga nr. 93/1992, reglugerðar nr. 684/1995 eða reglugerðar þessarar getur Fiskistofa svipt viðkomandi vinnsluleyfi samkvæmt IV. kafla l. nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

32. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

33. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Við gerð þessarar reglugerðar var tekið mið af tilskipunum ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 91/67, 91/492 og 91/493 og ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 92/532, 93/22, 93/25, 93/51, 93/55, 93/169, 93/351, 93/383 og 94/356.

34. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skelfisk sem fengið hefur hitameðferð þannig að hann teljist unnin vara má undanþiggja ákvæðum um heilnæmiskannanir veiðisvæða. Slíkra undanþága skal sérstaklega getið í veiði- og vinnsluleyfum hlutaðeigandi aðila og jafnframt að þær megi fyrirvaralaust fella úr gildi ef öryggi neytenda eða samningar við erlendar opinberar eftirlitsstofnanir krefjast þess.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. mars 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Viðauki 1**Viðmiðunarmörk fyrir veiðisvæði og skelfisk.**

1. Lifandi skelfiskur skal vera frá veiðisvæðum sem uppfylla kröfur Fiskistofu.
2. Í sjósýnum frá viðurkenndum veiðisvæðum skal heildarfjöldi kólígerla vera lægri en 70/100 ml og færri en 10% sýna með meira en 230/100 ml. Fjöldi saurkólígerla skal vera lægri en 14/100 ml og færri en 10% sýna með meira en 43/100 ml. Skoða skal a.m.k. 15 sýni.
3. Skelfiskurinn skal innihalda minna en 300 saurkólígerla eða minna en 230 *Escherichia coli* í 100g af holdi og vökva miðað við MPN-próf með 5 glösum og þremur þynningum eða með annarri gerlafræðilegri aðferð með samsvarandi nákvæmni. Ekki má finnast salmonella í 25 g holds.
4. Samanlagt innihald lamandi þörungaeiturs (PSP) í ætilegum hlutum skelfisksins, þ.e.a.s. öllum líkamanum eða sérhverjum hluta sem er borðaður sér má ekki fara umfram 80 µg í

- 100 g. Sýnt skal fram á magn saxitoxíns með efnafræðilegri aðferð ef nauðsynlegt er talið.
5. Þörungaeitur sem veldur niðurgangi (DSP) má ekki finnast í ætilegum hlutum skelfisksins.
 6. Innihald þörungaeiturs sem veldur minnisleysi (ASP) í ætilegum hlutum skelfisksins má ekki fara umfram 20 µg/g.
 7. Fiskistofa ákveður hvaða svæði eru viðurkennd til skelveiða samkvæmt prófunum á skelfiski, sjósýnum og aðstæðum almennt. Sýnataka og prófanir skulu gerðar samkvæmt frekari leiðbeiningum frá Fiskistofu.

Viðauki 2

Sérkröfur vegna lifandi skelfisks og umlagningar.

A. Sérkröfur.

Lifandi skelfiskur til beinnar neyslu skal uppfylla eftirtaldir kröfur:

1. Hann þarf að vera ferskur og með lífsmarki þannig að hann sýni viðbrögð þegar bankað er í hann. Skeljarnar skulu vera hreinar og eðlilegt vökvamagn í milli skeljanna.
2. Hann uppfylli skilyrði sem fram koma í viðauka 1.

B. Umlagning.

Eftirtalin skilyrði skal uppfylla við umlagningu á lifandi skelfiski:

1. Skelfisk skal meðhöndla varlega þannig að hann geti hafið síun næringar eftir umlagningu.
2. Við umlagningu má þéttleiki skelja ekki vera meiri en svo að hreinsun geti átt sér stað.
3. Lifandi skelfiskur skal hafður í sjó á umlagningarsvæði nægilega lengi til að lækka magn saurkólígerla undir þau mörk sem krafist er.
4. Fiskistofa ákveður lágmarkshitastig í sjónum til þess að umlagning verði árangursrík fyrir hverja tegund skeldýra.
5. Umlagningarsvæði skulu greinilega afmörkuð með baujum, stólpum eða öðrum föstum búnaði eða kennileitum. Minnsta fjarlægð á milli svæðanna skal vera 300 m. Sama fjarlægð skal vera milli ræktunarsvæða og umlagningarsvæða.
6. Staðir innan umlagningarsvæðis skulu aðskildir þannig að komist verði hjá því að farmar blandist. Tryggja skal að ekki sé hægt að umleggja nýjan farm áður en fyrri farmur hefur verið fjarlægður.
7. Ábyrgðarmaður umlagningarsvæðis skal halda skrá um það hvaðan skelfiskur kemur, umlagningartíma, umlagningarstað og ákvörðunarstað farmsins að umlagningu lokinni.
8. Eftir tekju á umlagningarsvæði og í flutningi frá því svæði til vinnslustöðvar skal hverjum farmi fylgja merkisþjald.

Viðauki 3

Hreinsibúnaður og hreinsun.

Gæta skal fyllsta hreinlætis við meðhöndlun skelfisks sem ætlaður er til beinnar neyslu. Fiskistofa skal samþykkja aðstöðu og búnað til hreinsunar á skelfiski. Hann skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Gólf og veggir í hreinsi- og sjótönkum skulu vera slétt með hörðu, vatnsþéttu yfirborði og vera auðveld að þrifa. Botn hreinsitanka skal vera með hæfilegum halla og fullnægjandi frárennsli.

2. Aurugur skelfiskur skal þveginn úr hreinu vatni fyrir hreinsun.
3. Skylt er að nota hreinan sjó til að hreinsa skelfisk.
4. Skelfiskur skal hreinsaður þar til hann uppfyllir kröfur varðandi örverur í skelfiski, sbr. viðauka 1.
5. Í hreinsitanki skulu skeldýr vera af sömu tegund og frá sama veiðisvæði eða svæðum með sambærilegu heilnæmisstigi. Þegar margir farmar eru meðhöndlaðir samtímis skal haldið áfram jafn lengi og nauðsynlegt er fyrir þann farm sem krefst lengsta hreinsitímans.
6. Tankar, sem notaðir eru við hreinsun skulu þannig gerðir að sjór streymi auðveldlega í gegnum þá. Skelfiskur má ekki vera í þykkari lögum en svo að skeljarnar geti opnað sig við hreinsunina.
7. Fisk, krabbadýr eða aðrar sjávartegundir má ekki geyma í hreinsitanki þar sem hreinsun á skelfiski fer fram.
8. Að lokinni hreinsun skal þvo skeljarnar með neysluvatni eða hreinum sjó.
9. Skylt er að láta rannsaka hreinsigetu í rannsóknastofu miðað við tilteknar örverufræðilegar forsendur. Halda skal skrár um niðurstöður af örverufræðilegum sýnum vegna:
 - a) Sjávar í hreinsibúnaði áður en hreinsun hefst.
 - b) Skelfisks áður en hreinsun hefst.
 - c) Skelfisks eftir hreinsun.
10. Sýnatökur og prófanir sem nefndar eru í málsgreininni á undan skulu gerðar skv. sýnatökureglum Fiskistofu.
11. Í vinnslustöð skal halda skrár um:
 - a) Dagsetningu og magn skelfisks sem berst til stöðvarinnar.
 - b) Hvenær fylla og tæma skuli hreinsibúnað.
 - c) Upplýsingar um hvert hreinsaður skelfiskur hefur verið sendur.
12. Halda skal nákvæmar og auðlæsilegar skrár.
13. Vinnslustöð má aðeins taka við skelfiski ef með fylgir merkispjald veiðiskips eða umlagningarstöðvar.
14. Vinnslustöðvar sem flytja skelfisk til annarra vinnslustöðva skulu láta merkispjald fylgja með.
15. Á umbúðum um hreinsaðan skelfisk skal koma fram að hann hafi verið hreinsaður.
16. Meðferð, þar með talin sandhreinsun á lifandi skelfiski, má ekki spilla honum.
17. Hreinsibúnað skal nota samkvæmt leiðbeiningum frá Fiskistofu einkum varðandi gerla- og efnaeiginleika sjávar.
18. Tæki og tankar hreinsibúnaðar mega ekki spilla skelfiski.
19. Sandhreinsibúnaður, sem er rekinn aðskilinn frá vinnslustöð, skal sérstaklega viðurkenndur af Fiskistofu.
20. Flokkun á lifandi skelfiski má ekki valda mengun eða breytingum á honum þannig að hann þoli verr flutning og geymslu eftir þökkun.
21. Skelfisk skal þvo með hreinum sjó eða neysluvatni undir þrýstingi.
22. Gegnumstreymi sjávar í hreinsitönkum skal miða við magn skelfisks í þeim.
23. Hæfileg fjarlægð skal vera milli inntaks sjávar og skólþfrárennslis þannig að ekki sé hætta á mengun.
24. Hreinsunarkerfi verður að virka þannig að skelfiskur geti sem fyrst byrjað að sía til sín fæðu og losna við mengun. Verja skal skelfiskinn fyrir mengun og halda honum við bestu lífsskilyrði eftir hreinsun.

25. Ekki skal taka við meira magni af skelfiski til hreinsunar en hreinsunarstöðin ræður við. Nauðsynlegt er að sjór fljóti vel yfir skelfiskinn meðan á hreinsun hans stendur.
26. Hreinsunarstöð skal taka tillit til gagna er varða hráefnið, svo sem tegund skelfisks, upprunasvæði, sýklainnihald, o.s.frv., til að áætla hreinsunartímann svo tryggt sé að skelfiskurinn uppfylli kröfur um gerla, sbr. viðauka 1.

Viðauki 4

Soðnar skeldýraafurðir.

A. Almenn skilyrði.

1. Eftir soðu skal ávallt snöggkæla afurðirnar. Til þess skal nota neysluvatn eða hreinan sjó. Sé engin önnur aðferð notuð til að auka geymsluþolið skal halda kælingu áfram þar til náð er hitastigi bráðnandi íss.
2. Fyllsta hreinlætis skal gætt við úrskeljun til að koma í veg fyrir mengun afurðanna. Starfsfólk skal gæta þess að þvo sér vel um hendur og að allir vinnufletir séu vandlega þrífir. Séu vélar notaðar skal skola þær með stuttu millibili og gerileyða í lok hvers vinnudags.
3. Soðnar afurðir skal frysta strax eða halda þeim kældum við hitastig sem hindrar gerlafjölgun og setja þær í viðeigandi geymslu. Framleiðandi skal láta fara fram örverufræðilegt mat á afurðum með reglulegu millibili og skulu niðurstöður þeirra standast eftirfarandi viðmiðunarmörk:

B. Örverufræðilegar viðmiðanir.

1. *Sýklar.*

Gerð sýkils	Staðall
<i>Salmonella</i> <i>sp.</i>	Ekki til staðar í 25 g n = 5, c = 0

Auk þess mega sýklar sem leita skal að samkvæmt áhættuþáttagreiningu, og eitrus sem þeir framleiða, ekki finnast í því magni sem gæti skaðað heilsu neytandans.

2. *Lífverur sem benda til lélegs hreinlætis (úrskeljaðar afurðir).*

Gerð lífvera	Staðall (í 1 g)
<i>Staphylococcus aureus</i>	m = 10 M = 1.000 n = 5 c = 2
Annað hvort: Hitapólnir kólígerlar (44°C á föstu æti)	m = 10 M = 100 n = 5 c = 2
eða: <i>Escherichia coli</i> (á föstu æti)	m = 10 M = 100 n = 5 c = 2

Breyturnar n , m , M og c eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

n = Fjöldi eininga sem sýnið samanstendur af.

m = Allar niðurstöður undir þessum mörkum eru álitnar fullnægjandi.

M = Allar niðurstöður yfir þessum mörkum eru álitnar ófullnægjandi.

c = Fjöldi sýnaeininga sem gefa gerlafjölda milli n og M .

Gæði lotu eru talin:

a) Fullnægjandi þegar öll gildi eru 3 m eða minni.

b) Viðunandi þegar fengin gildi lenda milli 3 m og 10 m ($=M$) og þar sem c/n er $2/5$ eða minna.

Gæði lotu eru talin ófullnægjandi:

a) Í öllum tilfellum þegar gildi fara yfir M .

b) Þegar c/n er meira en $2/5$.

3. Bendillífverur (viðmiðunarreglur)

Gerð lífveru	Staðall (í 1 g)
Miðlungshitakærir loftháðir gerlar (30°C)	
a) Afurðir í skel	$m = 10.000$ $M = 100.000$ $n = 5$ $c = 2$
b) Úrskeljaðar afurðir	$m = 50.000$ $M = 500.000$ $n = 5$ $c = 2$

Þessar reglur eru ætlaðar til viðmiðunar fyrir framleiðendur við þrif og gerileyðingu, við mat á árangri í stjórnun í vinnslunnar og við að koma á innra eftirliti með framleiðslunni.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá fyrir Sunnusjóð til hjálpar fjölfötludum börnum nr. 182 29. mars 1984.

Stjórn Sunnusjóðs og aðalfundur Foreldra- og kennarafélags Safamýrarskóla hefur hinn 29. maí 1995 samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins sem staðfest var 29. mars 1984:

1. gr.

Við 1. gr. bætist: og til að stuðla að áframhaldandi líkamlegum og andlegum þroska þessara einstaklinga eftir brautskráningu þeirra úr skólanum.

2. gr.

Í 2. gr. komi orðið Foreldrafélags í stað orðanna „Foreldra- og kennarafélags“.